

Skipulagsskrá

fyrir Minningarsjóð Þórunnar og Davíðs Schevings Thorsteinssonar.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 6.000 kr. í veðdeildarbréfum Landsbanka Íslands af Þorsteini Scheving Thorsteinsson, lyfsala í Reykjavík, til minningar um föður hans, Davíð Scheving Thorsteinsson lækni. Nafn sjóðsins er Minningarsjóður Þórunnar og Davíðs Schevings Thorsteinssonar.

2. gr.

Sjóðurinn er eign Stúdentagarðsins í Reykjavík, en skal varðveittur með sjóðum Háskóla Íslands og undir stjórn háskólaráðsins, að því er tekur til ávöxtunar hans.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, og skal leggja við hann það fé, sem honum kann að áskotnast við innlausn verðbréfa eða við gjafir til sjóðsins.

Vöxtunum skal verja til þess að greiða með leigu fyrir herbergi það í Stúdentagarðinum, sem ber nafn Davíðs Schevings Thorsteinssonar, og skal læknadeild Háskóla Íslands veita einhverjum læknastúdent vist þessa, í samráði við Garðsstjórn. Skal auglýsa vistina til umsóknar í aprílmánuði ár hvert og veita hana fyrir maílok frá 15. sept. til næsta vors. Þegar vextir sjóðsins nægja til þess að greiða leigu fyrir 2 herbergi, skal heimspekisdeild Háskóla Íslands veita stúdent í íslenskum fræðum ókeypis vist á sama hátt, í samráði við Garðsstjórn. Nægi vaxtatekjur sjóðsins til þess að greiða leigu fyrir fleiri herbergi en tvö, skal veita stúdentum í læknisfræði og íslenskum fræðum ókeypis vist með sama hætti, og skal skipt milli deildanna hlutfallslega eftir fjölda stúdenta í læknisfræði og íslenskum fræðum.

Verði afgangur af vöxtunum, getur læknadeild varið honum til þess að kaupa fyrir vísindabækur eða námsbækur í læknisfræði, er veittar séu sem verðlaun einhverjum stúdent í læknadeild, og skal rita á bækurnar, að þær séu veittar sem verðlaun úr sjóði þessum. Heimilt er að geyma afganga af vöxtunum og leggja saman í þessu skyni, ef læknadeild sýnist svo.